



Félag bókhaldsstofa

Alþingi
Erindi nr. P 143/594
komudagur 9.12.2013

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Frosta Sigurjónssonar
Alþingi,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingskjal 266, 204. mál.

Með bréfi þessu vill laganefnd og stjórn Félags bókhaldsstofa láta í ljós álit sitt á nýframkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum. Í heild teljum við að breytingar þær sem boðaðar eru í frumvarpinu horfi til framfara, svo sem milliverðsreglur í alþjóðaviðskiptum, sem löngu tímabært var að leiða í lög á Íslandi, svo og afdráttarlaus ákvæði um tekjuskattfrelsi veitna, burtséð frá eignarhaldi.

4.gr. þingskjals 266/204 mál

Sérstaklega fögnum við afnámi 20/50 reglunnar svokölluðu, sbr. 4. grein fyrrgreinds lagafrumvarps, en efni hennar hefur valdið erfiðleikum við reikningsskil, þar sem hin niðurfelldu lagaákvæði innihéldu samjöfnuð á **arði**, sem er hluti af ráðstöfun hagnaðar og **launum**, sem í eðli sínu eru endurgjald fyrir vinnu og ættu að gjaldfærast í rekstri þess sem greiðir ef fylgt er góðri reikninskilavenju.

12.gr. þingskjals 266/204 mál

Hins vegar sjáum við ekki ástæðu til að fella niður 4. mgr. 58. gr. laganna sbr. 12. grein breytingalaganna, en í hinu brottfellda ákvæði er kveðið á um að sömu reglur gildi um einstaklinga starfandi hjá eigin félögum og hina sem starfa í rekstri á eigin kennitölu. Teljum við þetta vera mistök í frumvarpi þessu sem beri að leiðrétta.

3.tölul. IV kafla athugasemda

Þá ber að fagna því sem fram kemur í 3. tölulið IV. kafla athugasemda með frumvarpinu um að fyrirhugað sé að taka viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald í eigin atvinnurekstri til endurskoðunar. Því viljum við benda á eftirtalin ákvæði í núgildandi lögum, sem virðast horfa framhjá þessum reglum og leggjum til að til viðbótar framkomnu frumvarpi verði gerðar svofelldar breytingar á lögum nr. 90/2003.

1. 3. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laganna falli brott.
2. 2. mgr. 4. tl. A-liðar 7. gr. orðist svo: Til skattskyldra gjafa teljast lán til hluthafa og stjórnarmanna, sem eru óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, ef þau endurgreiðast ekki samkvæmt reglum 4. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994.
3. Í stað orðsins „laun“ í 2. mgr. 11. gr. laganna standi „skattskyld gjöf“.

Með þessum breytingum ætti löggjöfin verða skýrari með tvennum hætti.

1. Endurgreiddar skuldir skattleggjast ekki sem tekjur.



Félag bókhaldsstofa

2. Hin ólíku hugtök „lán“ og „laun“ eru ekki lengur lögð að jöfnu við skattlagningu.

Að nokkru leyti er tilefni þessara tillagna dómur Hæstaréttar nr. 153/2003, þar sem einstaklingi var gert að greiða tekjuskatt af **endurgreiddri skuld** sinni við eigið félag, jafnvel þó skýr ákvæði um það sé ekki að finna í lögum um tekjuskatt. Í sama tilfalli nýtti skattstjóri sér heimild 1. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald til að leggja tryggingagjald á viðkomandi einkahlutafélag vegna þessara „launa“, sem þó voru (af eðlilegum ástæðum) aldrei gjaldfærð í rekstri þess. Í máli þessu var hvorki horft til viðmiðunarreglna um reiknað endurgjald né arsm lengdarreglu 57. greinar. Þá var ekki litið til neinnar meðalhófsreglu, né þess að vafi túlkist sökunaut í vil, en í riti sínu „Um lög og lögfræði“, (2003) nefnir Sigurður Líndal hana meðal sígildra meginreglna laga. „in dubio pro reo“, eða „í vafa (ber að dæma) í þágu hins seka“.

Nokkur brögð hafa verið að því að einstaklingar hafa verið skattlagðir í slíkum tilfellum, jafnvel þó að skuldin hafi staðið í stuttan tíma og að fullu jöfnuð fyrir skattlagningu. Til viðbótar ofangreindum tillögum leggja undirritaðir því til að bætt verði inn bráðabirgðaákvæði sem kveði á um ívilnanir þeim til handa, sem sætt hafa slíkri ótímabærri skattlagningu, svohljóðandi:


Heimilt er rikisskattstjóra að lækka tekjuskattstofna hjá þeim mönnum, sem þolað hafa álagningu tekjuskatts á endurgreidd lán frá eigin félögum á árabílinu 2001 til 2013.


Tekið skal fram að við teljum ákvæði um tekjuskattskyldu vera eðlilega þegar ekki verður af endurgreiðslu, dráttarvexti og bætur vegna slíkra ólögðmætra úttekta samkvæmt ákvæðum 4. og 5. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994., enda heldur þá viðtakandi fénu og ætti að sæta refsingu samkvæmt 2. tl. 127. greinar sömu laga.

Undirritaðir vænta þess að efnahags- og viðskiptanefnd taki tillit til framgreindra tillagna í álitu sínu. Jafnframt óskum við eftir því að fá að mæta á fund nefndarinnar til þess að gera nánari grein fyrir framangreindum hugmyndum og tillögum.


Reykjavík, 9. desember 2013

Í laganevnd Félags bókhaldsstofa


Sigurjón Bjarnason


Már Jóhannsson

Fyrir hönd stjórnar Félags bókhaldsstofa


Sigurveig Friðgeirsdóttir formaður